



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 22. september

2017

R17060197

6622

Til borgarráðs

Tillaga um úthlutun úr Miðborgarsjóði 2017

Á fundi verkefnisstjórnar Miðborgarmála þann 22. ágúst sl. voru kynntar umsóknir sem bárust í Miðborgarsjóð í fyrstu úthlutun sjóðsins, en auglýst var eftir styrkjum frá 15.júní til og með 5.júlí 2017. Alls bárust 35 umsóknir um styrki úr sjóðnum samtals að fjárhæð 119 m.kr. Til úthlutunar úr Miðborgarsjóði eru skv. fjárhagsáætlun 2017 30 m.kr.

Á fundi verkefnisstjórnarinnar þann 21. september sl. voru kynntar tillögur að úthlutun og þær í kjölfarið samþykktar og afgreiddar til borgarráðs.

Lagt er til að eftirtalin verkefni fái styrk úr Miðborgarsjóði fyrir árið 2017, fjárhæðir í krónum talið:

- Íbúasamtök Miðborgar, þrjú verkefni	1.000.000,-
- Slökun í Borg	1.000.000,-
- Vefur hverfablaðs Miðborgar og Hlíða	500.000,-
- Myndbönd um arkitektúr í miðborginni	2.000.000,-
- Samtök um bíllausan lífsstíl	400.000,-
- Konur í kaupmennsku, rannsókn	500.000,-
- Miðborgin Okkar	15.000.000,-
- Skítamix, tilraunaverkefni	500.000,-
- Hljómhrif	1.000.000,-
- Borgarhúsgögn	1.000.000,-
- Endurheimt verslunar- og þjónusturýmis á jarðhæð, rannsókn	1.000.000,-
- Rætur Reykjavíkur	1.000.000,-

Nánari upplýsingar um verkefnin sem verkefnisstjórnin leggur til að verði styrkt má sjá í meðfylgjandi yfirlitsskjali. Í kjölfar samþykktar borgarráðs verður gengið frá úthlutun og samningum eftir því sem við á í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins. Ekki er gerð tillaga um gerð þjónustusamninga til lengri tíma en eins árs í ljósi þess að um fyrstu úthlutun sjóðsins er að ræða.

F.h verkefnisstjórnar miðborgarmála

Stefán Eiríksson
borgarritari

Hjálagt:
Yfirlitsskjal, tillögur að úthlutun úr Miðborgarsjóði